

## Fundargerð 132. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Þorsteinn Hjálmarsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson og Andrés Bjarnason.

Fjarfundur: Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson

Dagskrá :

1. Undirritun ársreikninga
2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 131
3. Staða kjaramála.
4. Lagabreytingar
5. Húsnæðismál.
6. Orlofsmál.
7. Akkur
8. Til upplýsinga
9. Önnur mál.

### 1. Undirritun ársreikninga

Formaður setti fundinn og bauð Ásbjörn Björnsson, endurskoðanda velkominn. Ásbjörn fór síðan yfir reikninga félagsins. Rekstrartekjur voru tæpar 577 milljónir miðað við 557 millj. árið áður. Rekstargjöld voru 606 millj. en 550 millj. árið 2017. Afkoma ársins var tæpar 7 millj. Eigið fé er rúmir 2 milljarðar og skuldir 123 millj. Eigið fé og skuldir því samtals rúmir 2,3 milljarðar.

Félagssjóður var með rúmlega 8 millj. kr. hagnaði, orlofssjóður með rúmlega 5. millj. kr. tapi, fræðslusjóður með tæplega 9 millj. kr. tapi, en unnið er markvisst að því að lækka höfuðstól sjóðsins. Styrktar og Sjúkrasjóður var með rúmlega 5. millj. kr. tapi og vinnudeilu- og verkbananssj. var með 18 millj. kr hagnaði en félagssjóður leggur honum til fé svo höfuðstóllinn haldi raunvirði sínu.

Akkur skilaði ekki hagnaði þetta árið svo ekki verður úthlutað styrkjum.

Nokkrar umræður urðu um reikninginn sem Ásbjörn svaraði.

Reikningurinn var svo samþykktur og undirritaður. Ásbjörn vék af fundinum.

## 2. Frágangur á fundargerðum stjórnarfundu VM nr. 131

Lögð var fram fundargerð síðast fundar sem var samþykkt með undirritun.

## 3. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Við eigum eitthvað af rútubílstjórum, mismunandi túlkun er á því hvort þeir mega keyra áfram eða ekki. Ef okkar menn þurfa að leggja niður störf óskar formaður eftir því að fá að greiða þeim verkfallsbætur eins og Efling gerir eða 12.000 kr á dag. Það var samþykkt. Varðandi kjarasamningsviðræður þá eru allir búnir að slíta. 8 fundir eru búnir að vera undir stjórn sátta en nánast ekkert verið talað við okkur síðustu daga. Fundur var með stóru samninganefndinni í gær. Þar var samþykkt að hefja undirbúning að verkföllum. Verið er að skoða hvar er best fyrir okkur að vera, menn vilja helst fara í allsherjar verkfall. Við erum ekki að skoða að fara í verkfall fyrr en í lok apríl. Formaður óskaði eftir samþykki stjórnar um að samninganefndin fái að klára þetta skipulag og var það samþykkt.

Aðalfundurinn er í smá uppnámi núna en við eigum bókað á Grand Hótel en það gengur ekki upp vegna yfirvofandi verkfalla. Búið er að auglýsa fundinn en við erum að leyta að nýjum fundarstað og munum auglýsa það um leið og hann er fundinn, á heimasíðu, í tölvupósti og svo í Fréttablaðinu. Vonandi tekst okkur að finna annan stað annars verðum við að fresta fundi, þetta mun allt skýrast í fyrramálið.

## 4. Lagabreytingar

Formaður lagði fram tillögur frá Laganefnd félagsins og kynnti. Umræður urðu um lagabreytingarnar og að lokum var samþykkt að efnislega gæti stjórnin samþykkt breytingarnar en farið yrði yfir textann og lokaútgáfa send á stjórn.

Formaður kynnti breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs, fella niður grein 9.6 og í framhaldinu breyta númerum sem á eftir koma. Stjórn styður þessa tillögu stjórnar Styrktar og sjúkrasjóðs.

## 5. Húsnæðismál

Eins og áður hefur komið fram stendur okkur til boða húsnæði að Stórhöfða 29, 3. og 4. hæðin. Þar er búið að byggja yfir svalirnar þannig að það er innangengt til hinna stéttarfélaganna. Formaður telur að með því að flytja þangað opnast á ýmiss tækifæri til hagræðingar. Við fengjum aðgang að mötuneyti, hægt væri að samnýta símaþjónustu, færa innheimtu félagsgjalda til félaganna, fara í samvinnu með orlofshúsin og fleira. Hæðirnar okkar metnar á ca. 160 milljónir og húsnæðið sem við færum í sennilega eitthvað minna þar sem ekki er lofræstikerfi í húsinu. Einnig gætum við keypt hluta í kjallaranum undir geymslu og þá selt geymsluna okkar í Akralind. Til að þetta sé hægt þarf að óska eftir 100 milljónum á aðalfundi, 25 millj. í kjallara og 75 í breytingar á húsnæðinu. Rætt var um að verði farið í þetta þá ættum við að óska eftir forkaupsrétti á hlutanum sem Pósturinn verður áfram í.

8 samþykktu að fara með tillögunu fyrir aðalfund en einn var á móti.

## 6. Orlofsmál

Formaður ræddi um skýrsluna sem gerð var um orlofsmál félagsins og um 5 ára áætlunina sem stóð til að gera. Orlofsnefnd er búin að funda og ákveðið var að fresta 5 ára áætluninni þar sem fara þyrfti í meiri vinnu við hana en upphaflega var áætlað. Húsið á Laugarvatni sem rætt var um að kaupa í fyrra er enn til sölu á 50 millj. með eignarlandinu. Hús 2,4 og 6 á Laugarvatni eru að verða komin á tíma. Spurningin er hvort við ætlum að tryggja okkur Laugarvatn og vera með áframhaldandi uppbyggingu þar og fara síðan í skiptileigu á húsum eða hvað viljum við gera.? Einarsstaðir þurfa að fara í samþykki á aðalfundinum 49,5 millj + innbú. Þannig að formaður telur að óska þurfi eftir 100 millj. á aðalfundi til að kaupa það hús og byggja upp Einarsstaði. Hann vill fara yfir skýrsluna á aðalfundinum og koma með tillögu um að selja Klaustur, Hraunborgir eru þegar komnar á sölu og tillagan er að nota þessa peninga sem fást fyrir sölna í að laga hús 2,4 og 6. Guðni Þór óskaði eftir að bókað yrði að skoðun hans á Laugarvatni og Einarsstöðum hefi ekkert breyst. Greidd voru atkvæði um hvort bera ætti upp tillöguna um að selja Kirkjubæjarklaustur, 7 sögðu já, 1 sat hjá og 1 sagði nei.

Þá voru greidd atkvæði um hvort bera ætti upp tillögu um að kaupa húsið á Laugarvatni, 5 sögðu já, 3 sögðu nei, og 1 sat hjá.

Meirihluti samþykkti báðar tillögur og stjórn var áður búin að samþykkja Einarsstaði og því verður óskað eftir 100 milljónum á aðalfundi í orlofsmál.

Tillögurnar verða bornar fram í þremur liðum.

## 7. Akkur

Formaður sagði frá því að mjög líklegt væri að komið yrði á aðalfundi með tillögu varðandi Akk.

## 8. Til upplýsinga

- Uppstillinganefnd fyrir aðalfund
- Kjörstjórn fyrir aðalfund
- Nýtt fulltrúaráð Gildis.
- 

## 9. Önnur mál

- Verkið, Íslandsmót iðn og tæknigreina fór fram í vikunni. Við vorum það í samstarfi við IÐUNA.
- Afhending sveinsbréfa fer fram á eftir.
- Tvö lífeyrisnámskeið eru búin að vera og 3ja væntanlegt í vor og þegar komnir menn á það. Mjög líklega förum við svo á stað með þetta aftur í haust því mikil ánægja er meðal félagsmanna með námskeiðin.